

BORGARRÁÐ 24. júní 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um allsherjar innleiðingu á fjarfundarbúnaði - R21050181

Samkvæmt bréfi til borgarráðs dags. 17. maí 2021 var óskað eftir að borgarráð heimilaði þjónustu og nýsköpunarsviði að fara í innkaup til að framhalda allsherjar innleiðingu á fjarfundarbúnaði fyrir 160 milljónir. Á fundi borgarráðs 10. júní var samþykkt að fjárheimildir sviðsins hækkuðu um 54.381.000 kr. vegna reksturs fjarfundarkerfa í stjórnsýsluhúsum borgarinnar og var kostnaðaraukinn fjármagnaður af kostnaðarlið 09205 ófyrirséð. Hin svokallaða neyðarstjórn Reykjavíkur tók ákvörðun um þau útgjöld og fór þar með framhjá borgarráði og borgarstjórn og kostnaðurinn var ekki færður í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 þrátt fyrir að stofnað hafi verið til útgjaldanna í byrjun mars 2020. Farið var í að kaupa fjarfundarbúnaðinn Cisco webex en allur tölvu- og skjábúnaður er leigður. Óskað er eftir sundurliðuðum kostnaði tæmandi talið hvernig þessar rúmu 214 milljónir skiptast.